

Lok, lok og læs eða hnípin þjóð og hrædd. Frelsið er fólgið í Pfizersprautu

”Arbeit macht frei” (frelsið er fólgið í vinnunni) tjáðu þýsku nasistarnar Gyðingunum í fangabúðum dauðans. Sprautan frelsar þig, segja Katrín og Þórólfur, íslenski örlagadúettinn í heimskór lyfjafyrirtækja, auðjöfra, stjórnvalda, embættismanna og afvegaleiddra vísindamanna.

Pfizer boðar nýtt efni og fjórða sprautan, sem Þórólfur kallar örvunarskammt, er þegar munduð. RÚV flytur okkur stöðugt fréttir af andlátum vegna covid-19, án þess að geta aðferðar við greiningu á dánarorsök. Ofuráhersla hefur verið lögð á greiningu veirunnar eða leifa af henni með blekkjandi PCR-prófi. Leiði sú greining til jákvæðrar niðurstöðu, er dauðaorsök sjálfkrafa fundin.

RÚV og viðmælendur fjölmiðils okkar allra minnast aldrei á afleiðingar þeirra covid-19 bólusetninga, sem þegar hafa átt sér stað, t.d. andlát. Þau eru væntanlega flokkuð sem covid-19 dauðsföll. Fulltrúar heilbrigðikerfisins kalla stöðugt á fleiri bólusetningar og lokanir.

Svo virðist sem RÚV sé sannleiksuppspretta Íslendinga. Þegar hliðstæðir ríkisfjölmiðlar eins og BBC (British Broadcasting Corporation) fá skattgreiðendur til að fýla grön hópum saman, slá íslenskir skattgreiðendur skjaldborg um RÚV. Hvorki er ekki skrifuð bók um falsfréttasmiðju þess, né rétttrúnaðarfréttir. Ætli það verði David Sedgwick, sem gerir gangskör? Hann hefur nefnilega skrifað bókina „Falsfréttasmiðjan: Sögur úr ríki BBC“ (The Fake New Factory: Tales from BBC-land).

Það væri ekki úr vegi, áður en næsta bólusetningarhrina skellur á, að rifa upp helstu atriði framvindunnar.

Þann 12. mars 2020 lýsti Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) yfir heimsfaraldri vegna covid-19. Skömmu áður höfðu einungis verið greind fá tilvik, en með tilkomu sviksamlegra PCR prófa varð skyndilega til ógnarleg útbreiðsla veirunnar. Stofnunin hafði þegar endurskilgreint alheimsfaraldur. Sú nýja féll vel að bólusetningarherferðinni, sem í vændum var.

Yfirlýsing Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar leysti úr læðingi samræmda áætlun, sem undirbúin var af henni sjálfri með aðkomu auðkýfinga, samtökum nokkurra vestrænna ríka og Evrópusambandsins.

Veröldinni var meira eða minna skellt í lás og fólk þvingað með hræðsluáróðri til innilokanna, lokanna fyrirtækja, stofnana og svo framvegis. Með þessum aðgerðum var vegið heiftarlega að frelsi fólks og lífsviðurværi margra lagt í rúst.

Svokallaðar mótvægisáðgerðir hafa kostað ríkissjóð feikimikla fjármuni samtímis kaupum á PCR-prófum, hreinlætis- og heilbrigðisvarningi og heilbrigðisþjónustu. Almennur tapar, auðjöfrarnir græða á tá og fingri. Stórkostleg yfirfærsla fjármuna hefur átt sér stað. Hluti þessara fjármuna er svo notaður af góðgerðaauðkýfingunum til að bólusetja meira og skerða frelsi borgaranna enn frekar.

Fólk er og var þvingað til að þiggja tilraunabóluefni – réttnefni er reyndar lyf – sem með skírskotun til neyðar, sem engin var, fengu bráðabirgðadreifingarleyfi hjá heilbrigðisyfirvöldum, sum hverra meira eða minna á mála hjá lyfjafyrirtækjum og spilltum embættismönnum. Vísindin, sem til grundvallar leyfinu lágu, eru fúskið einbert, og siðferðið forkastanlegt.

Ógnvaldurinn mikli, veiran, covid-19, er sérhönnuð í samvinnu bandarískra og kínverskra stjórnvalda, fjármögnuð af bandarískum stjórnvöldum gegnum „Umhverfisheilsusamtökin“ (Eco Health Alliance). Enn er ekki vitað, hvort veirunni var sleppt lausri eða hvort hún slapp. Vísendingar eru um, að kínversk yfirvöld hafi þegar snemma á haustmánuðum árið 2019 gert ráðstafanir gegn dreifingu hennar á heimavígstöðvum.

Enda þótt veiran sé skæð og sérstaklega gerð til að sýkja lungnavef, varð snemma í faraldrinum ljóst, að hún var fyrst og fremst hættuleg heilsutæpu, eldra fólki. Það hefur seinna verið staðfest með tölum um dánartíðni. Engu að síður fóru íslensk (og önnur) stjórnvöld hamförum í bólusetningum og frelisskerðingum. Meira að segja börn eru ekki látin í friði. Sóttvarnaáðgerðir minntu óneitanlega í þráhyggju. Grímuskyldan var sýnu verst og gersamlega gagnslaus samkvæmt marktækum rannsóknum. Alið var á tortryggni í garð náungans, illvilja, samviskubiti og afskræmingu samskipta.

Aukaverkanir af völdum sprautunnar eru opinbert leyndarmál. RÚV steinþegir, stjórnvöld þegja þunnu hljóði sem og Landlækisembættið og Lyfjastofnun. Aukaverkanir eru umtalsverðar: Hjartasjúkdómar, fósturlát, skemmdir á æxlunarfærum, húðsjúkdómar og svo framvegis. Aukin heldur eru staðfestar þroskatruflanir hjá ungum börnum, sem og aukning andlegra kauna hjá fullorðnum, sjálfsvíg m.a. Í Frakklandi segja dómstólar, að dauði af völdum sprautunnar sé sjálfsskaparviti. Splunkunýjar rannsóknir frá Kína benda til, að hvítblæði (leukemia) sé enn ein aukaverkunin.

Því miður virðast grunsemdir um skaða, unninn á ónæmiskerfinu, ætla að rætast. Þ.e. sjálfsonæmissjúkdómar (autoimmune), áunnið alnæmi (acquired immune deficiency

syndrome - AIDS) og áunninn mótefnaáauki (andibody dependent enhancement), sem í afar stuttu máli felur í sér, að mótefni, sem til verða í baráttu ónæmiskerfisins við veiruna, bera kennsl á sóttkveikjuna, en eru ófær um að koma í veg fyrir smit. Þess í stað greiðir mótefnið veirunni leið inn í frumurnar.

Þessi fyrirbæri kynnu að einhverju leyti að skýra aukningu t.d. krabbameins og ristlis (shingles) m.a. Neðanmáls er krækja á vitnisburð suður-afrískrar konu í Alþýðuréttarhöldunum um hið síðarnefnda.

Þó að staðtölur segi þá sögu, að nú berjist fyrst og fremst þeir bólusettu – jafnvel fjórbólusettir í Ástralíu - við veiruna, og þó að hugsandi fólk hljóti að segja sjálfu sér og öðrum sömu sögu, er verið að búa okkur undir fleiri bólusetningar. Það ætti öllum að vera ljóst, að aðalmálið snýst ekki um heilbrigði.

Málið snýst um völd, peningagræðgi, frelsi og lýðræði. Þá, sem eru á valdi þessara hneigða, dreymir opið um heimsyfirráð. Ær þeirra og kýr eru að svipta fólk sjálfsvaldinu og hleypa upp lýðræðinu. Það er nú þegar orðið einhvers konar lýðgerræði, þar sem hér um bil eins stjórnmalaflokkar skiptast á um að stjórna samkvæmt svipuðum forsjár-, forræðis- og gerræðishugmyndum.

Eftirlit og taumhald er bráðnauðsynlegt í lýðgerræðinu. Það er í buðarliðnum, samþykkt eru fleiri lög, sem heimila aukin ríkisumsvif; njósnir, valdboð og opinbert ofbeldi. Sama gildir um beitingu reglugerða.

Í Bandaríkjunum hafa þeir, sem gera athugasemdir við sannleiksgildi hinnar opinberu veirufrásagnar, álitnir „hættulegir öfgamenn“ (dangerous extremist), samkvæmt nýútkominni skýrslu. Menn eins og fjölmiðlaprófessorinn, Mark Crispin Miller (f. 1949) eru dregnir fyrir dóm fyrir rangan skilning á tilverunni og aðgerðum stjórnvalda.

Í Noregi hefur Stórþingsmaðurinn, Ine Eriksen Søreide, lagt fram þingsályktunartillögu um, „að hleypa af stokkunum kerfisbundinni og framtíðarmiðaðri vinnu gegn röngum fréttum og rangfærslum.“

Tæknileg útfærsla alþjóðlegs auðkennis eða stafrænna skilríkja, er í langt komin eins og bólusetningarbréfið og snjallsímaeftirlitið ber augljóst vitni um. Á alþjóðavettvangi er undirbúningur í þessa veru sem sé greinilegur með aukinni samvinnu alþjóðlegra og fleirþjóðlegra stofnana, sem margar hverra vinna náið með stjórnvöldum í vestrænum lýðræðisríkjum, auðjöfrunum og sjóðum þeirra. T.d. beitir Alþjóðaheilbrigðisstofnun sér nú fyrir alþjóðalöggjöf Sameinuðu þjóðanna um smitsjúkdómavarnir.

Hver stjórnar Sameinuðu þjóðunum? Svo er spurt í heimildamyndinni, sem getið verður um. Markmið þeirra til 2030, svokölluð sjálfbærni- og þróunarmarkmið (sustainable development goals), samþykkt árið 2015 af 193 aðildarríkjum, eru þessi: binda enda á óhóflega fátækt, minnka ójöfnuð og vernda jörðina (planet).

Bólusetning heimsbyggðarinnar er boðuð sem leið til að ná þessum markmiðum.

Í heimildamyndinni, sem finna má krækju á neðan máls, er framvindunni gerð þrýðileg skil. Hún er vitaskuld bönnuð hjá ritskoðunarmiðlunum.

Fljótum ekki sofandi að feigðarósi!

https://childrenshealthdefense.org/defender/pfizer-4th-shot-3-doses-not-that-good-against-infections/?utm_source=salsa&eType=EmailBlastContent&eId=e3e53e22-a272-44df-8cef-aaf2fbc79c92

<https://www.goodreads.com/book/show/50877247-the-fake-news-factory>

<https://mail.google.com/mail/u/0/#inbox/FMfcgzGmvTstNBvRMGnZhjPRfCNGMJvZ>

<https://www.express.co.uk/news/uk/1394329/BBC-news-BBC-bias-latest-licence-fee-UK>

<https://steigan.no/2022/03/hoyre-vil-ha-offentlig-privat-sannhetsministerium/>

<https://dailyexpose.uk/2022/03/15/us-dhs-question-covid-dangerous-extremist/>

https://unfoundation.org/what-we-do/issues/sustainable-development-goals/?gclid=CjwKCAjw8sCRBhA6EiwA6_IF4b41qFcvNnlh57Jy69ETwNmKsUggMPcPw_l4UR62I5CnM4RXW_ji1xoCvWIQAvD_BwE

<https://dailyexpose.uk/2022/03/15/inoculation-against-coronaviruses-is-not-required/>

https://www.theepochtimes.com/children-in-china-contract-leukemia-after-taking-chinese-vaccines_4332657.html

<https://dailyexpose.uk/2022/03/15/russia-distraction-australian-gov-reveal-9-in-10-covid-deaths-vaccinated/>

https://childrenshealthdefense.org/defender/pfizer-fda-data-clinical-trials-blackrock-advisor/?utm_source=salsa&eType=EmailBlastContent&eId=e3e53e22-a272-44df-8cef-aaf2fbc79c92

<https://dailyexpose.uk/2022/03/12/vaccine-injured-constant-unbearable-pain-due-to-pfizer/>

<https://dailyexpose.uk/2022/03/13/planet-lockdown-a-documentary-of-our-times/>

https://brandnewtube.com/watch/planet-lockdown-full-uncensored-version-bnt-premiere_afGwhH344VFdP13.html